

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 29. júlí 2022
UST202206-176/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Geysissvæðið í Haukadal - Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Geysissvæðið í Haukadal.

Í greinargerð kemur fram að breytingin komi til vegna breyttrar hönnunar á stígakerfi innan deiliskipulagssvæðisins sem og stækkunar friðlands Geysissvæðisins sem staðfest var í júní 2020. Stígar utan girðingar eru uppfærðir samkvæmt reyndargögnum, stígar innan girðingar Geysissvæðisins eru einfaldaðir og skulu stígar upp frá hverasvæði í átt að Laugarfelli vera lagðir inn í landið á eins varfærinn og óáberandi hátt og hægt er. Stígum um hverasvæðið sjálft, merktir „léttir stígar“ er fækkað til muna og sameinaðir í einn stíg sem tengist aðkomusvæði vestan frá. Vestan við svæðið er nýtt aðkomusvæði í góðum tengslum við þjónustumiðstöð og bílastæði.

Byggingarsvæðið fyrir léttu stíga sem liggja yfir landi leyfir að stígar séu lagðir í land, þ.e. hellulögn eða sambærilegu. Byggingarsvæði steyptra stíga leyfir annað fast yfirborð s.s. hellulögn eða sambærilegt.

Er þessari breytingu ætlað að einfalda flæði með því að bjóða upp á hringleið sem leyfir einstefnu og tekur þannig auðveldar við meiri fjölda ferðamanna. Aðkomutorg skal vera á almenningssvæði með upplýsingum og vönduðum frágangi.

Umhverfisstofnun bendir á að Geysissvæðið í Haukadal var friðlýst sem náttúruvætti árið 2020 og hefur Umhverfisstofnun umjón og eftirlit með svæðinu.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda breytingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur